

REGLUR

um útlánaáhættu fjármálafyrirtækja.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr. *Útreikningur á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu.*

Fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu skal fylgja ákvæðum reglugerða (ESB) sem tilgreindar eru í 3. gr.

Við mat á mikilvægi lánaskuldbindingar sem er komin fram yfir gjalddaga skal fjármálafyrirtæki miða bæði við 1% af heildarskuldbindingum lántaka og 15.000 kr. fyrir smásöluáhættuskuldbindingar og 75.000 kr. fyrir aðrar skuldbindingar í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/171, sbr. 3. gr.

3. gr. *Innleiðing reglugerða.*

Með vísan til 2. gr. gilda eftirtaldar reglugerðir hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2014 frá 20. desember 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina útreikningana á sértækum og almennum leiðréttingum á útlánaáhættu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 285-288.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/585 frá 18. desember 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilgreiningu á áhættutímabili tryggingarfjár, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 254-256.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1646 frá 13. september 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar aðalvísitölur og viðurkenndar kauphallir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 373-383.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/171 frá 19. október 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mikilvægismörkin fyrir lánaskuldbindingar sem komnar eru fram yfir gjalddaga, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020, með eftirfarandi aðlögunum samkvæmt ákvörðuninni:

Í stað orðanna: „31. desember 2020“ í 6. gr., að því er EFTA-rikin varðar, koma orðin: 31. desember á síðara árinu á eftir því ári þegar ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 tekur gildi.

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/931 frá 1. mars 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina aðferðina til að bera kennsl á afleiðuvíðskipti með einn eða fleiri mikilvæga áhrifaþætti áhættu með tilliti til 5. mgr. 277. gr., formúluna til að reikna út eftirlits-

deltastuðul kaups- og söluréttar sem tengdur er við vaxtaáhættuflokk og aðferðina til að ákvarða hvort viðskipti séu gnótt- eða skortstaða í helsta áhrifaþætti áhættu eða í mikilvægasta áhrifaþættinum í tilteknum áhættuflokki að því er varðar a- og b-lið 3. mgr. í 279. gr. a. í staðalaðferð fyrir útlánaáhættu mótaðila, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2022 frá 29. apríl 2022.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/171 og 2021/931 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32018R0171>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 32, þann 6. febrúar 2018, bls. 1-5;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32021R0931>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 204, þann 10. júní 2021, bls. 7-12.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. mgr. 78. gr. a og 24., 35., 41., 44. og 45. tölul. 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 1086/2021 um tæknilega staðla vegna útlánaáhættu.

Seðlabanka Íslands, 7. október 2022.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júnísdóttir
framkvæmdastjóri.